

**HVAÐ ER AÐ GERAST UM**



**Helgina?**



**Sýning í Laxdalshúsi**

**Gunnar Örn Gunnarsson opnar sýningu á monoprykksmyndum í Laxdalshúsi á Akureyri á morgun, laugardag. Sýningin mun standa út júlímánuð.**

**LIST**

**Gallerí Borg:**

**Sumarsýning**

Í Gallerí Borg hefur verið opnuð sumarsýning. Þar eru til sýnis um 100 myndverk, grafíkmyndir, pastelmmyndir, vatnslitamyndir og teikningar eftir alla helstu listamenn þjóðarinnar. Einnig eru til sýnis listmunir úr keramik og gleri. Sýningin verður opin til ágústloka og mun taka einhverjum breytingum frá degi til dags. Gallerí Borg verður lokað um helgar í júlí og ágúst, nema sérstakt samkomulag komi til við einstaklinga eða hópa.

**Gallerí Langbrók:**

**Ína Salóme sýnir textíl**

Ína Salóme heldur einkasýningu á textilverkum í Gallerí Langbrók. Þetta er fyrsta einkasýning hennar en hún hefur sýnt á samsýningum heima og erlendis. Galleríð er opið frá kl. 14.00 til 18.00 um helgina. Sýningunni lýkur næstkomandi sunnudag.

**Kjarvalsstaðir:**

**Eydís Lúdvíksdóttir**

Eydís Lúdvíksdóttir myndlistarmaður sýnir um þessar mundir á Kjarvalsstöðum. Sýningin er opin daglega frá kl. 14.00 til 22.00. Eydís var um síðustu áramót valir úr hópi listamanna til að hafa umsjón með listasmíðju Glits hf. og er hún sjötti listamaðurinn sem hlýtur þá viðurkenningu. Sýning Eydísar á Kjarvalsstöðum er fyrsta einkasýning hennar og sýnir hún verk sem hún hefur gert í postulínsleir brennd an við háhita í tölvustýrðum ofnum. Sýningunni lýkur sunnudaginn 7. júlí næstkomandi.

**Nýlistasafnið:**

**Douwe Jan Bakker**

Hollenski listamaðurinn Douwe Jan Bakker opnar í dag kl. 20.00 sýningu í Nýlistasafninu við Vatnsstíg í Reykjavík.

Bakker hefur haft mikið samneyti við íslenska listamenn bæði hér og í Hollandi en hann er nú staddur hér í tíunda sinn, kom hingað fyrst 1971. Hann hefur haldið sýningar í Gallerí Súm og Gallerí Suðurgötu 7.

Sýningin í Nýlistasafninu ber heitið „Notes and references“ og er tvískipt; annarsvegar eru verk sem Bakker hefur komið með hingað sérstaklega og hinsvegar verk eftir hann í eigu safnsins. Verkin úr eigu safnsins eru: „A Vocabulary Sculpture in the Icelandic Landscape“ og „Um sérstakt framlag Íslands og Íslensks samfélags til sögu byggingarlistarinnar“. Fyrra verkið samanstendur af 72 ljósmyndum af ýmsum fyrirbærum í íslensku landslagi og tilheyrandi nöfnum. Hefur verkið verið sýnt víða.

Sýningin stendur til sunnudagsins 21. júlí og er safnið opið alla daga frá kl. 16.00 til 20.00.

**Kjarvalsstaðir:**

**Eliás B. Halldórsson**

Eliás B. Halldórsson heldur þessa dagana sýningu á tæplega níutíu olíumálverkum í vestursal Kjarvalsstaða. Sýningin verður opin frá kl. 14.00—22.00 um helgina og lýkur næsta sunnudag.

**Noregur:**

**Íslensk textilsýning í Þrándheimi**

Norska listakonan Heidi, sem dvalist hefur á Íslandi síðan 1980, opnaði fyrir nokkru sýningu í Gallerí G í Þrándheimi. Verkin á sýningunni, veggteppi og annar textíll, eru undir miklu áhrifum frá Íslandi. Sýningin er opin fram til 7. júlí, en Gallerí G er við Prinsens gate 32 í miðborg Þrándheims.

**Ásmundarsafn:**

**Konan í list Ásmundar**

Nú stendur yfir í Ásmundarsafni við Sigtún sýning sem nefnist Konan í list Ásmundar Sveinssonar. Er hér um að ræða myndefni sem tekur yfir mestallan listferil Ásmundar og birtist í fjölbreytilegum útfærslum. Sýningunni er skipt í fjórar einingar sem sýndar eru í fjórum söllum safnsins: Kona og barn uppi í Kúlunni, Kona og karl niðri í Kúlunni, Kona við vinnu í Pýramíðunum og Kona sem tákn í Skemmunni. Safnið er opið alla daga frá kl. 10.00—17.00.

**Gunnlaugur Scheving**

Sumarsýning Norræna hússins er á verkum Gunnlaugs Scheving. Öll verkin á sýningunni eru sjávarmyndir. Sýningin er opin alla daga kl. 14.00—19.00.

**Listasafn**

**Einars Jónssonar:**

**Safnahús og höggmyndagardur**

Safnahús Listasafns Einars Jónssonar er opið laugardaga og sunnudaga frá klukkan 13.30 til 16.00 og höggmyndagardurinn sem í eru 24 eirafsteypur af verkum listamannsins er opin sömu daga frá klukkan 11.00 til 17.00.

**Akranes:**

**Bókasafn Akraness**

Sovésk bóka- og listmunasýning stendur yfir í bókasafninu. Á sýningunni eru á þriðja hundrad bækur af ýmsu tagi. Einnig eru sýnd veggspjöld, hljómplötur og frimerki. Listmunir eru 27 talsins öskjur og lakkmyndir. Sýningin verður opin á afgreiðslutíma safnsins.

unni eru á þriðja hundrad bækur af ýmsu tagi. Einnig eru sýnd veggspjöld, hljómplötur og frimerki. Listmunir eru 27 talsins öskjur og lakkmyndir. Sýningin verður opin á afgreiðslutíma safnsins.

**Hafnarfjörður:**

**Menningar- og liststofnunin Hafnarborg**

Ungverski listamaðurinn Janos Probstner sýnir pastelteikningar í Hafnarborg, menninga- og liststofnun Hafnarfjarðar. Probstner hefur dvalist hér á landi um nokkura vikna skeið, og eru myndirnar af rakstur dvalarinnar.



**NÁTTÚRUVERNDARFÉLAG Suðvesturlands** stendur fyrir náttúruskodunar- og söguferð um Hafnarfjörð og Krísuvík á morgun, laugardag. Lagt verður af stað frá Norræna húsinu kl. 13.30, frá Náttúrugripasafninu, Hverfisgötu 116, kl. 13.45, frá Náttúrufræðistofu Kópavogs, Digranesi 12, kl. 14.00 og Víðistaðaskóla í Hafnarfirði kl. 14.15. Ferðinni lýkur við Víðistaðaskóla kl. 18.30. Í ferðinni verður Hamarinn í Hafnarfirði meðal annars skoðaður, Hvaleyrartjörn og Ástjörn. Ekið verður um Vatnsskarð að Kleifarvatni og í gömlu Krísuvík. Leiðsögumenn í ferðinni verða Karl Grönnvöld jarðfræðingur, Jóhann Guðjónsson líffræðingur, Stefán Júlíusson rithöfundur, Magnús Jónsson safnvörður og fleiri sögu- og örnefnafróðir menn.



**Kópavogur: Útitónleikar**

VINNUSKÓLI Kópavogs og félagsmiðstöðin Agnarögn efna til útitónleika í miðbæ Kópavogs í kvöld. Hljómsveitin Twilight Toys leikur. Tónleikarnir verða haldnir á ferhyrnda svæðinu sem markast af Hamraborg, Félagsheimili Útvegsbanka og Reykjanesbraut.